

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Skúlagötu 5  
105 Reykjavík

20. mars 2020

**Efni: Umsögn Vestfjarðastofu – Samráðsgátt, mál 65/2020 - Frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr 75/2011.**

Þann 6. mars síðastliðinn birti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í Samráðsgátt, frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða mál 65/2020. Hefur Vestfjarðastofa farið yfir skjöl frumvarpsins og er með eftirfarandi ábendingar.

Vestfjarðastofa vill fyrst koma á framfæri að mikilvægt er að búið sé að taka þetta skref til breytinga á reglugerð og er sammála grundvallar breytingu frumvarpsins um að lögin stuðli að svæðisbundinni þróun sem sé byggð á skipulagi og áætlunum einstakra landshluta s.s. áfangastaðaáætlunar. Auk þess er Vestfjarðastofa er sammála þeim forsendum að sjóðurinn fygli stefnu stjórnvalda um sjálfbæra- og svæðisbundna þróun hefur verið ákveðin af hverju markaðssvæði fyrir sig í áfangastaðaáætlunum. Einnig er mikilvægt að taka fram að frumvarpið á að styðja við uppbyggingu “kaldari svæða” sem og að við mat á umsóknum verði höfð að leiðarljósi efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg áhrif hvers verkefnis fyrir sig.

Hins vegar gerir Vestfjarðastofa athugasemd við að í 2. mgr 1. gr (og í skýringum við lagagreinina) verði hugtakið “Ferðamannaleið” skilgreint með sama hætti og í 2. mgr, 2.gr laga 20/2016 *Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*. En þar er “Ferðamannaleið” skilgreind sem gönguleið, reiðleið og reiðhjólaleið. Gangi frumvarpið óbreytt fram þá útilokar það styrki Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, til að taka þátt í verkefnum sem tengjast framkvæmdum við ferðamannastaði tengdum akvegum. Bendir Vestfjarðastofa á að á vegum Vegagerðarinnar er nú til umræðu skilgreining á sama hugtaki. Vestfjarðastofa bendir á nú hratt vaxandi afþreyingu ferðamanna á Íslandi að aka skilgreindar ferðamannaleiðir. Á Vestfjörðum og Vesturlandi er nú unnið að þróun nýrrar ferðamannaleiðar “Vestfjarðaleiðin” sem fer um átta sveitarfélög á Vestfjörðum, um Dalarbyggð og hluta í Húnaþingi Vestra. Jafnframt hefur Norðurland skilgreint tvær ferðamannaleiðir, annars vegar Norðurstrandarleið og hins vegar Demantshringurinn.

Vestfjarðastofa telur að með þessari samþættingu skilgreininga í lögum laga nr 20/2016 og 75/2011 (með þessari tillögu að breytingum) þá fái markmið laga 20/2016 um verndun náttúru og menningar aukið vægi gagnvart markmiðum laga 75/2011 um að efla samfélög og efnahag þeirra. Þar með er hætta á að tilgreind breyting með frumvarpinu á markmiðum laga 75/2011 með áherslu á “köld svæði” missi marks.



## Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa bendir einnig á, að hér verði að vanda samþættingu áætlana stjórnvalda um samgöngumál, byggðamál og áætlanir eflingu ferðaþjónustu. Í framangreindum verkefnum á Vestfjörðum og Norðurlandi er það í raun gert með því að nýta stofnvegi og héraðsvegi til að efla ferðaþjónustu og þar með efla byggðir landsins. Vestfjarðastofa leggur það til að skilgreint verði hvaða skilyrði leið þurfi að uppfylla til þess að teljast ferðamannaleið, hvort sem um ræðir ferðamannaleið sem nær yfir akveg eða ferðamannaleið sem göngu-, reið- eða hjólaleið.

Virðingarfyllt,  
Sigríður Ó. Kristjánsdóttir